

1870. honum sjálfum komið, hvort hann vill hefja mál gegn ríkissjóðnum
22. apríl. til að ná því, sem hann þykist eiga tilkall til.

26. apríl. **33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands.**

Eptir að fyrir lagt hafði verið tveimur embættismönnum, sem til þess voru valdir úr dómsmálastjórninni og fjárstjórninni, að búa til uppástungur um, hvernig ætti að haga til um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands, og fyrnefnd stjórnarráð höfðu skrifast á um þetta mál, hefir fjárstjórnin í dag fallt á:

að póstávisanir, sem hljóða uppá allt að 50 rd., megi senda milli póststöðva í konungsríkinu öðrumegin og póststöðvanna í Reykjavík og á Seyðisfirði hinumegin:

12 sk. skal gjalda fyrir ávisanir allt að 25 rd.,

24 sk. fyrir það sem er yfir 25 rd., allt að 50 rd.;

að greiða megi út meira fé en 50 rd. og allt upp að 5000 rd. til aðalféhirzlunnar, og fá hið goldna fé aptur útborgað úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi, gegn því að greiða í þóknun 1 af 100 af upphæðinni; þó skal þetta aðeins fást, ef forði jarðabókarsjóðsins af reiðugjaldi er nógur til þessa, fram yfir það, sem þarfir ríkisstjórnarinnar útheimta;

að sú breyting skuli gjörð á þeim reglum, sem farið hefir verið eptir, þá er fé hefir verið borgað til jarðabókarsjóðsins mót endurgjaldi úr aðalféhirzlunni, að landfógeti aðeins gefi eina kvittun fyrir fé því, sem látið er í sjóðinn, í stað þess, að nú eru gefnar tvær kvittanir; þessa kvittun á landfógeti að senda beinlínis fjárstjórninni undir sínu embættisinnsgli, en fjárstjórnin lætur þá borga fæð úr aðalféhirzlunni, og þarf ekki að biða eptir tilsögn frá stiptamtanni um þetta.

Um leið og þetta er gefið yður til vitundar, skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir skrifað landfógeta um þetta mál í dag, og sagt einnig fyrir um það, að þegar honum berast fyrnefndar

1870.
26. apríl.

ávisanir, til að greiða fê úr jarðabókarsjóðnum, þá eigi hann að ætlast á um, með ráði stiptamtmanns ef þess þarf við, hvort nóg muni verða eptir í sjóðnum, að því meðtöldu, sem má búast við að bætist í hann, til þeirra útgjalda, sem þá kynni að koma uppá til ríkisstjórnarinnar þarfa, að greiddu því fê, sem ávisanirnar taka; en neyðist hann til að neita að gjalda það fê, sem aðalféhirzlan hefir vísað á, þá skal hann þegar skýra fjárstjórninni frá þessu.

Í sambandi við þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir þess, að þegar póstaðgreiðslumaðurinn í Reykjavík leitar til yðar og sannar, að hann hafi ekki nóga peninga undir höndum til að borga það fê, sem vísað er til, að leggja fyrir landfógeta að borga honum það, sem með þarf, úr jarðabókarsjóðnum, og telja það með útgjöldum aðalféhirzlunnar; landfógeti verður því næst að skýra fjárstjórninni frá þessu með fyrstu póstkipsferð, en póstaðgreiðslumaðurinn á að senda aðalúrskurðarstjórn póstreikninganna samskonar skýrslu um þetta.

Jafnframt og vèr látum fylgja nokkur exemplör af auglýsingu fjárstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Færeyja, og Danmerkur og Íslands¹, eruð þér, herra stiptamtmaður, að endingu beðnir um, að birta þessa auglýsingu á hagfelldan hátt.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um gjald spítalahluta.

28. apríl.

Með bréfi, dagsettu 16. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá útlagða á Dönsku, þar sem Guðmundur Þórðarson og fimm aðrir menn úr Reykjavík fara þess á leit, að stjórnarráðið leggi úrskurð sinn á bænarskrá nokkra, er þeir, ásamt fimmtíu öðrum Reykjavíkurbúum, höfðu sent yður, og sókt um, að sèr yrði leyft að greiða hina svo nefndu spítalahluti á sama hátt og áður, samkvæmt tilskipun 27. maí 1746, heldur en eptir tilskipun 10. ágúst 1868, þaræð þetta lagaboð eptir áliti sækjanda legði á herðar þeim ópolandi byrði, og enda ekki væri

¹) sjá hér að framan, bls. 30—31.